

AUGLÝSING

um hámarkshraða á þjóðvegum.

Ákvæði auglýsingar um hámarkshraða á þjóðvegum, nr. 250 4. júní 1987, breytist þannig:

Í 3. gr. komi nýr stafliður á eftir a-lið undir Vesturlandsvegur (1), svo hljóðandi:

- b) frá vegamótum við Skarhólsbraut í Mosfellsbæ að þeim meðtöldum að vegamótum við Langatanga í Mosfellsbæ 70 km/klst.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. október 1987.

Jón Sigurðsson.

Porsteinn Geirsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Akureyri.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sbr. stl. c í 2. grein samþykktar um hundahald á Akureyri nr. 295/1987, skal vera kr. 2 600,00 fyrir árið 1987.

Gjaldið greiðist er lögboðin hundahreinsun fer fram.

2. gr.

Kostnaður við handsömun og geymslu hunds sbr. 5. gr. samþykktar um hundahald á Akureyri, skal vera kr. 2 000,00 í fyrstar skiptið, kr. 3 500,00 í annað skiptið og kr. 5 000,00 í þriðja skiptið.

3. gr.

Upphæðir samkv. 1. og 2. gr. miðast við vísitölu framfærslukostnaðar 1. júlí 1987 og taka breytingum 1. júlí ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. september 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.